


Uppstillingarnefnd vegna stjórnarkjörs 2013.

Greinargerð

um framboð til stjórnarkjörs á aðalfundi 2013.



Stjórn Félags eldri borgara í Hveragerði skipaði í desember 2012 eftirtalin í uppstillingarnefnd samkvæmt félagssamþykktum: Jóhann Gunnarsson, sem er formaður, Egil Gústafsson og Laufeyju S. Valdimarsdóttur.

Um uppstillingarnefnd segir svo í félagssamþykktum FEBH:

Uppstillingarnefnd.

Stjórn félagsins skipar þrjá menn í uppstillingarnefnd og setur henni formann.

Uppstillingarnefndin skal gera tillögur um: Formann félagsins, menn í stjórn og varastjórn og skoðunarmenn ársreikninga. Einnig fulltrúa á þing LEB það ár sem þingið er haldið.

Tillögur uppstillingarnefndar skulu liggja frammi á skrifstofu félagsins í tvær vikur fyrir aðalfund og skulu þær auglýstar.

Tillögur félagsmanna um einstaka menn til stjórnarkjörs skulu berast uppstillingarnefnd eða skrifstofu félagsins minnst fjórum vikum fyrir aðalfund.

Nefndin auglýsti samkvæmt ofanrituðu hinn 19. janúar 2013 eftir framboðum í laus sæti. Á aðalfundi 2013 skal kjósa tvo stjórnarmenn, einn varamann og tvo skoðunarmenn ársreikninga. Auk þess tvo fulltrúa á landsfund LEB. Þar sem tillaga uppstillingarnefndar felur í sér færslu sitjandi varamanns á miðju kjörtímabili yfir í aðalstjórn þarf einnig að kjósa annan varamann.

Þegar framboðsfresti lauk hinn 31. janúar höfðu engin formleg framboð borist. Nefndin hefur því aflað samþykkis eftirtalinnna um framboð í laus stjórnarsæti til tveggja ára.

Til setu í stjórn: Egill Gústafsson, núverandi gjaldkeri, sem gefur kost á sér til endurkjörs og Sæunn Freydís Grímsdóttir sem setið hefur í varastjórn sl. ár.

Til setu í varastjórn: Jóna M. Eiríksdóttir, sem gefur kost á sér til endurkjörs og Kristín Dagbjartsdóttir.

Skoðunarmenn ársreikninga:

Helga Baldursdóttir og Svanur Jóhannesson.

Fulltrúar á landsfund LEB 2013:

Pálína Snorradóttir og Anna Jórunn Stefánsdóttir.

Samkvæmt ofanrituðu verður ekki um önnur framboð að ræða á aðalfundi 2013, sem boðaður hefur verið fimmtudaginn 21. febrúar kl. 14.00 í Þorlákssætri.

Með þessari greinargerð hefur uppstillingarnefnd lokið störfum.

Hveragerði, 7. febrúar 2013.

Jóhann Gunnarsson

Egill Gústafsson

Laufey S. Valdimarsdóttir

